## BURÐARÞOLSTEIKNINGAR.

### 1. EFNISGÆÐI:

STEYPUGÆÐI SÉU SKV. ÍSLENSKUM STAÐLI ÍST10, ,BROTÞOLSFLOKKAR S200 OG S250, EINS OG NÁNAR ER TILGREINT Á VIÐKOMANDI TEIKNINGU. SEMENTSMAGN SÉ MINNST 300 KG/M$^3$, SIGMÁL STEYPU 50-100 MM, ÍBLANDAÐ LOFT 5-6%, FJARLÆGÐARSTUÐULL LOFTS ≤0,25 MM. ÚTVEGGJASTEYPA SKAL HAFA VATNSSEMENTSTÖLU V/S ≤0,55. ÖLL ÚTISTEYPA SKAL UPPFYLLA KRÖFUR BYGGINGARREGLUGERÐAR VEGNA VEÐRUNARÞOLS OG ALKALIVIRKNI.

BENDISTÁL ER KAMBSTÁL Ks40 MEÐ SKRIÐMÖRK (0,2% MÖRK) $\sigma_F \geq 400$ N/MM$^2$, AUÐKENNT MEÐ K.. Á TEIKNINGUM. Í LYKKJUR SKAL NOTA SLÉTT STÁL St37 MEÐ SKRIÐMÖRK $\sigma_F \geq 240$ N/MM$^2$ AUÐKENNT MEÐ R.., EÐA SUÐUHÆFT KAMBSTÁL Ks40s MEÐ $\sigma_F \geq 400$ N/MM$^2$ AUÐKENNT MEÐ K..s Á TEIKNINGUM.

VINNA VIÐ STEYPU OG BENDINGU FULLNÆGI ÁKVÆÐUM ÍST10. FRAMKVÆMDAFLOKKUR B.

TIMBUR BURÐARVIÐA SÉ EKKI LAKARA EN AF IV FLOKKI SKV. NORRÆNUM STÖÐLUM OG SKAL ÞAÐ FULLNÆGJA BURÐARÞOLSFLOKKI K18 SKV. ÍST/DS413, TIMBUR Í LÍMTRÉVIRKJUM FULLNÆGI FLOKKI L30. SAMSKEYTA- OG FESTINGAJÁRN FYRIR TIMBURBURÐARVIRKI SKULU VERA HEITGALVANHÚÐUÐ Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFUR ÁÐURNEFNDS STAÐALS, GREIN 3.5.2.

### 2. MERKINGAR:

- TÁKNAR JÁRN Í EFRI BRÚN PLÖTU
- TÁKNAR JÁRN Í NEÐRI BRÚN PLÖTU
- TÁKNAR PLÖTUÞYKKT Í MM.
- JÁRN SAMSÍÐA MERKI LIGGJA NEÐST Í PLÖTU.
- TÁKNAR UPPBEYGJULÍNU JÁRNA.

### 3. UNDIRSTÖÐUR:

GRAFA SKAL FYRIR SÖKKULVEGGJUM NIÐUR Á FASTAN BOTN OG HREINSA VEL UNDAN VEGGJUM ÁÐUR EN MÓT ERU SMÍÐUÐ. GRAFA SKAL ALLAN LAUSAN JARÐVEG ÚR GRUNNI OG FYLLA Í STAÐINN MEÐ BURÐARGÓÐRI FYLLINGU, T.D. MOLDARLAUSRI MÖL EÐA GRÚS, OG ÞJAPPA HANA Í HÆFILEGA ÞYKKUM LÖGUM, ÞANNIG AÐ GÓÐ ÞJÖPPUN NÁIST.

DÝPT Á UNDIRSTÖÐUM SKAL VERA MINNST 1,2 M NIÐUR FYRIR ENDANLEGT JARÐVEGSYFIRBORÐ, NEMA EF KLÖPP ER Í GRUNNI, ÞÁ SKAL DÝPT VERA MINNST 0,3 M NIÐUR FYRIR EFRI BRÚN BOTNPLÖTU.

UNDIR BOTNPLÖTU OG 0,5 M NIÐUR MEÐ ÚTVEGGJASÖKKLUM KOMI 75 MM ÞYKK PLASTEINANGRUN, MEÐ RÚMÞYNGD 0,25 KN/M$^3$ (25KG/M$^3$).

EFST OG NEÐST Í SÖKKULVEGGI KOMI 2K12 HEIL UM HORN EÐA VÍXLLÖGÐ UM 0,5 M.

### 4. BURÐARVEGGIR:

STEYPTIR:

JÁRN Í ÚTVEGGJUM: K10%150 LÁRÉTT VIÐ ÚTBRÚN. STEYPUHULA AÐ
K10%300 LÓÐRÉTT UTANVERÐU ~ 40MM.

JÁRN Í INNVEGGJUM: K8%200 LÁRÉTT OG LÓÐRÉTT Í MIÐJUM VEGG.

NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM Á TEIKNINGU.

LÓÐRÉTT JÁRN NÁI 0,5 M UPP YFIR PLÖTU.

UMHVERFIS GLUGGA- OG DYRAOP, SVO OG ÖNNUR OP SEM SKERÐA BENDINGU VERULEGA, KOMI 2K12 NEMA ANNAÐ SÉ SÝNT Á TEIKNINGU. JÁRNIN NÁI MINNST 0,5 M ÚT FYRIR OPIN.

TIMBUR:

BERA SKAL GRUNNVIÐARVÖRN Á ALLA ENDA OG SAMSKEYTI. BERA SKAL Á TVÆR UMFERÐIR OG LÁTA ÞORNA VEL Á MILLI UMFERÐA. UNDIRSTYKKI SEM FEST ERU MEÐ BOLTUM VIÐ UNDIRSTÖÐUR SKAL GEGNVERJA. MILLI TIMBURS OG STEYPU SKAL KOMA TVÖFALT LAG AF ASFALTPAPPA.

ALLAR SAMSETNINGAR Á STOÐUM VIÐ UNDIR- OG YFIRSTYKKI SKAL GIRÐA MEÐ GALVANISERUÐU GIRÐI (25 MM) ER GANGI 200 MM UPP (NIÐUR) Á STOÐIR. OG NEGLIST MEÐ 2x3 STK. 31/80 NÖGLUM.

12 MM ASFALTSOÐIÐ TRÉTEX (BREIDD= 1200 MM, ÞAR SEM ÞVÍ ER VIÐ KOMIÐ) NEGLIST Í TOPPSTYKKI, UNDIRSTYKKI OG STOÐIR Á KÖNTUM MEÐ 25/40 GALV. SAUM %75 MM, EN Í STOÐIR Á MIÐRI PLÖTU MEÐ 25/40 GALV.SAUM %150.

UTAN Á TRÉTEX NEGLIST LÁRÉTTAR LEKTUR 38x100 Í HVERJA STOÐ MEÐ 4 STK. 38/100 NÖGLUM. (MESTA FJARLÆGÐ Á MILLI LEKTA 900 MM.)

### 5. ÞAK:

BERA SKAL GRUNNVIÐARVÖRN Á ALLA SPERRUENDA, SAMSKEYTI SVO OG ÞÆR SPERRUR SEM LIGGJA AÐ STEYPU. BERA SKAL Á TVÆR UMFERÐIR OG LÁTA ÞORNA VEL Á MILLI UMFERÐA.

## LAGNATEIKNINGAR.

### 1. MERKINGAR:

HRB MERKIR HREINSIBRUNNUR
GK ...... GÓLFKÓTI
GN ...... GÓLFNIÐURFALL
ÞN ...... ÞAKNIÐURFALL
SN ...... SVALARNIÐURFALL
EV ...... ELDHÚSVASKUR
UV ...... UPPÞVOTTAVÉL
SV ...... SKOLVASKUR
ÞV ...... ÞVOTTAVÉL
HL ...... HANDLAUG
BK ...... BAÐKAR
SB ...... STEYPIBAÐ
VS ...... VATNSSALERNI
GH ...... GÓLFSTÚTUR FYRIR TENGINGU BAKRENNSLIS HITAVEITU
HRL ...... HREINSILOK GNG ...... GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMRENNSLI
F ...... FALLPÍPA

- ÞÖKKUÐ SKOLPLÖGN
- ÞÖKKUÐ REGNVATNSLÖGN
- HÁLFÞÖKKUÐ REGNVATNS- OG JARÐVATNSLÖGN
- JARÐVATNSLÖGN
- KALDAVATNSHEIMÆÐ
- KALT NEYSLUVATN
- HEITT NEYSLUVATN
- TÖPPUNARSTAÐUR FYRIR KALT NEYSLUVATN
- TÖPPUNARSTAÐUR FYRIR HEITT NEYSLUVATN
- RENNILOKI
- RENNILOKI MEÐ SPINDLI UPP ÚR JÖRÐ
- TÆMINGARLOKI
- EINSTREYMISLOKI
- LP LOFTPÚÐI
- FRAMRENNSLI HITALAGNA
- BAKRENNSLI HITALAGNA

### 2. FRÁRENNSLISLAGNIR:

Í GRUNN: LAGNIR ÚR PLASTI SÉU AF VIÐURKENNDRI GERÐ, T.D. PVC, OG SKAL ALLUR FITTINGS SAMSVARA PÍPUM AÐ GERÐ OG GÆÐUM,
SAMSKEYTI STEINRÖRA SKULU HAMPÞÖKKUÐ OG MÚRAÐ YFIR MÚFFUR ALLAN HRINGINN EÐA ÞÉTT MEÐ GÚMMIHRINGJUM EF MÚFFUR ERU ÆTLAÐAR FYRIR ÞÁ.
FRÁRENNSLISLÖGN FYRIR BAKRENNSLI HITAVEITU SÉ ÚR HITAÞOLNU PLASTI, T.D. PEH. LAGNIR SKAL LEGGJA Í ÞJAPPAÐAN SAND, ÞANNIG AÐ ÞÆR HVÍLI Á BELGJUM EN EKKI MÚFFUM. FRÁRENNSLISLAGNIR SKAL LEGGJA SAMKVÆMT ÍST 65 MIÐAÐ VIÐ "AUÐVELD SKILYRÐI".

OFAN BOTNPLÖTU: LAGNIR SÉU ÚR VIÐURKENNDU PLASTI TIL NOTKUNAR INNANHÚSS.
FESTINGAR Á FALLPÍPUM SKULU VERA VIÐ HVERJA GÓLFPLÖTU OG TVÆR Á MILLI PLATNA. EITT ÞENSLUSTYKKI SKAL VERA Á HVERRI HÆÐ, EF SAMSKEYTI ERU SOÐIN SAMAN, ANNARS ER NÆGILEGT AÐ DRAGA RÖR TIL Í MÚFFUM, T.D. 10 MM TIL AÐ TAKA UPP ÞENSLUNA.
EITT HREINSILOK SKAL VERA Á HVERRI FALLPÍPU.
LÓÐRÉTTAR FALLPÍPUR SKAL ENANGRA MEÐ 25 MM GLERULLARMOTTUM OG VEFJA MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK.

### 3. VATNSLAGNIR:

HEIMÆÐARPÍPA FYRIR KALT VATN SÉ ÚR PLASTI, PEH, PÍPUÞVERMÁL ERU UTANMÁL, MM.

PÍPUR OG FITTINGS FYRIR HEITT OG KALT NEYSLUVATN INNANHÚSS SKAL VERA GALVANHÚÐAÐ.
EINANGRA SKAL PÍPUR MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK.
PÍPUR Í VEGGJUM SKULU LIGGJA MINNST 100 MM YFIR GÓLFPLÖTU.
ÖLL MÁL Á PÍPUM ERU GEFIN UPP Í MM OG ERU ÞAÐ INNANÞVERMÁL ÞEIRRA.
ALLAR TENGINGAR VIÐ HREINLÆTISTÆKI ERU 15 MM.
ÁÐUR EN PÍPUTENGINGAR ERU HULDAR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA KERFIÐ MEÐ KÖLDU VATNI OG 8 KG/CM$^2$ ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA.
EFNI OG VINNA SÉ Í SAMRÆMI VIÐ GILDANDI REGLUGERÐ UM HEITAR OG KALDAR VATNSLAGNIR.

### 4. HITALGNIR:

Á ALLA OFNA KOMI LOFTSKRÚFA, STILLITÉ OG SJÁLFVIRKUR OFNLOKI.
PÍPUR ERU VENJULEGAR SVARTAR STÁLPÍPUR, PÍPUÞVERMÁL ERU INNANMÁL. MM.
ALLAR PÍPUR SKULU VERA HREINAR, OG Í ÞEIM MEGA EKKI VERA RYÐSKÁNIR.
VIÐ SKURÐ Á PÍPUM SKAL SNARAÐ ÚR ENDUM ÞEIRRA.
ALLAR PÍPUR SKAL EINANGRA MEÐ 20 MM GLERULLARHÓLKUM OG VEFJA SÍÐAN MEÐ SÍSALPAPPA EÐA PLASTDÚK.
ÞEGAR LOKIÐ ER LÖGN MIÐSTÖÐVARKERFIS OG ÁÐUR EN PÍPUR ERU HULDAR, SKAL ÞRÝSTIPRÓFA KERFIÐ MEÐ KÖLDU VATNI OG 6 KG/CM$^2$ ÞRÝSTINGI. SKAL HANN STANDA Á KERFINU Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA.

73-89


HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS
SUÐURLANDSBRAUT 24 REYKJAVÍK SÍMI 696900


| | |
|---|---|
| VERK NR. | TEIKN. NR. 2.000 |

ALMENNAR SKÝRINGAR.

| | | | |
|---|---|---|---|
| HANNAÐ | | STAÐFERT | |
| REIKNAÐ | | YFIRFARIÐ | |
| TEIKNAÐ | | BREYTT | FEB. '90 |
| KVARÐI | | | HGS. |

Guðm. Gunna—